

077/00 - M.b. Víglundur SH-56

Víglundur SH-56, sekkur í róðri á Breiðafirði

M.b. Víglundur SH-56

Skipaskr.nr.: 7013

Smíðaður: í Vestmannaeyjum 1983 úr trefjaplasti

Stærð: 3,57 brl; 4,06 bt

Lengd: 7,63 m **Breidd:** 2,27 m **Dýpt:** 1,09 m

Vél: Volvo Penta 91,00 kW **Árgerð:**

Annað:

Földi skipverja: 1

Atvikalýsing

Hinn 21. júlí 2000 um kl. 08:00 var m.b. Víglundi SH-56 siglt úr höfn á Rifi áleiðis á miðin til veiða með línu. Veður: hægviðri.

Siglt var í norðvestur frá Rifshöfn. Þegar komið var á miðin eftir rúmlega klukkustundar siglingu var línan, 12 bjóð, lögð í tveimur bútum. Eftir að lagningu lauk var legið yfir til kl 12:00 þegar tekið var til við að draga línuna. Þá voru komin 4-5 vindstig af suðri og vindur að aukast.

Var línan dregin og bar ekkert til tíðinda fyrr en í lokin þegar eitt bjóð var eftir. Þá kom í ljós festa veiðarfæris í botni. Afli var þá orðin um 450 kg.

Til að losa úr festu var bátnum siglt í hring (snúið á, ekki ljóst hve mikið stýri var notað) og samtímis reynt að hífa í á línuspilinu með litlu afli. Sigldur hraði var lítill en þegar báturinn hafði snúist svo að aldan var inn á bakborðssíðu bátsins hallaði hann talsvert. Á þilfari bátsins voru tvö kör, annað frammar en hitt. Í einni veltu bátsins rann aftara karið yfir til stjórnborða. Þá hugðist skipstjórinn bakka spilinu til að slaka á línunni en þá rann hitt karið einnig yfir til stjórnborða. Við það að fremra karið skreið til varð skipstjórinn á milli karsins og borðstokks og báturinn þá kominn með 40° til 50° halla til stjórnborða. Sjór rann yfir borðstokkinn og skipstjóri taldi að báturinn væri að sökkva. Tókst honum að losa sig og komast að gúmmíbjörgunarbáti og losa hann. Hann losaði einnig fangalínu bátsins áður en hann sjósetti gúmmíbátinn.

Skipstjórinn fór í sjóinn á eftir bátnum og tók til við að draga út fangalínuna. Gekk erfiðlega að draga út fangalínuna og þurfti hann að spyrna í hylki bátsins á meðan. Þegar gúmmíbáturinn var uppblásinn fór skipstjórinn í hann og sá þá að m.b. Víglundur SH-56 var farinn að sökkva að aftan með halla um 50 gráður. Sökk báturinn þar til aðeins stefnið var upp úr sjó og flaut þannig í um 5 mínútur.

Skipbrotsmaður gangsetti neyðarsendi sem var í gúmmíbátnum og kom m.b. Brimrún á staðinn um einni og hálfri klukkustund síðar og um svipað leyti kom þyrla Landhelgisgæslunnar á vettvang og var maðurinn tekin um borð í þyrluna.

Við rannsókn kom fram

- að báturinn var af gerðinni FLUGFISKUR, flatbotna, og gat náð allt að 20 sml hraða þegar hann var tómur en um 11 sml. hraða þegar hann var hlaðinn;
- að þegar báturinn sökk hafi verið 4-5 vindstig en sjólítið;
- að gúmmíbáturinn fannst um 9 sml. norðnorðvestur af Öndverðarnesi;
- að körin voru ekki bundin á þilfarinu en skorðuð á milli álvinkla sem voru á þilfarinu og sköguðu um 5 sentimetra upp frá því, vinkill á hvorri hlið karanna. Engar aðrar festingar voru á körunum;
- að lúka var yfir vélarrúmi um 125 cm að lengd. Var hún á lömum sem voru aftast en engar aðrar festingar á henni;
- að báturinn var lengdur 1993 og eftir lenginguna var ekki gefið út Viðurkenningarskírteini

Siglingastofnunar.

Nefndarálit

Nefndin telur að koma hefði mátt í veg fyrir þennan bátstapa með réttum frágangi á lausum hlutum á þilfari og meiri gætni við losun veiðarfæris úr festu.